

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 23. apríl 2021 í máli nr. 84/2020

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 14. ágúst 2020 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, f.h. dóttur sinnar, Y, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Z, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að bifreið sem keypt var af varnaraðila hafi verið haldin galla og krefst þess að kaupunum verði rift. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi, dags. 27. október 2020, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar 28. október 2020. Þann 28. október 2020 bárust nefndinni athugasemdir sóknaraðila við andsvör varnaraðila. Frekari athugasemdir bárust frá varnaraðila sama dag. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda sóknaraðila og varnaraðila, kaupsamningur vegna kaupa á bifreiðinni, dags. 4. maí 2020, upplýsingar um áætlaðan viðgerðarkostnað vegna bilunar í bifreiðinni, mynd af auglýsingaskilti, og þeim upplýsingum sem þar koma fram, við sölu annars aðila á sambærilegri bifreið, svo og umboð vegna reksturs málsins hjá kærunefndinni.

Með bréfi, dags. 21. desember 2020, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili festi kaup á bifreið, af gerðinni Peugeot 3008, árgerð 2014, ekin um 95.000 km., af varnaraðila þann 4. maí árið 2020. Kaupverð bifreiðarinnar var 1.300.000 krónur.

Að sögn sóknaraðila var bifreiðin skráð sjálfskipt við kaupin og var sóknaraðila sagt af sölumanni hjá varnaraðila að gott væri að skipta um sjálfskiptivökva og síu fljótlega. Þegar sóknaraðili ætlaði að kaupa síu og vökva kveðst sóknaraðili hafa fengið þær upplýsingar að bifreiðin væri ekki sjálfskipt heldur beinskipt með sjálfvirka kúplingu, sem var kominn tími á að skipta út, samkvæmt umboðsaðila bifreiðarinnar hér á landi. Slík viðgerð kostar að sögn umboðsaðila um 436.000 krónur, þar af kaup á kúplingssetti og svighjóli 211.000 krónur og um 225.000 krónur fyrir vinnuna.

Sóknaraðili hafði samband við varnaraðila og óskaði eftir því að kaupunum yrði rift vegna rangrar upplýsingagjafar um bifreiðina. Varnaraðili hefur hafnað þeirri kröfu sóknaraðila.

3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili segir að við sölu á bifreiðinni hafi aðeins komið fram að bifreiðin væri sjálfskipt. Sölumaður varnaraðila hafi einnig upplýst um það með því að benda á þörf á að skipta um sjálfskiptivökva og síu. Síðar hafi komið í ljós að bifreiðin væri beinskipt með sjálfvirka

skiptingu. Að sögn umboðsaðila framleiðanda bifreiðarinnar hér á landi þarf að skipta um kúplingu í bifreiðinni á um 100.000 til 120.000 km. fresti. Bifreiðin var ekin 105.000 km þegar kvörtun var send kæruneftndinni. Sóknaraðili bendir á að viðgerðarkostnaður sé svo hár að ekki svari kostnaði að gera við bifreiðina. Venjuleg sjálfskipting endist hins vegar mun lengur ef skipt er um vökva og síu á réttum tíma.

Telur sóknaraðili að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin vegna rangrar upplýsingagjafar frá varnaraðila. Hafi sóknaraðila ekki verið kynnt að skipta yrði um kúplingu bifreiðarinnar og ekki hafi verið möguleiki fyrir sóknaraðila að kynna sér það.

3.2. Andsvör varnaraðila

Í andsvörum sínum bendir varnaraðili á bifreiðin hafi verið skráð sjálfskipt, enda sé hún sjálfskipt. Bifreiðar séu hins vegar annað hvort beinskiptar eða sjálfskiptar og umrædd bifreið hafi verið sjálfskipt og skráð þannig. Skiptingin, MCE Gearbox, er með sjálfvirkri rafmagnskúplingu sem kúplar um leið og bifreiðin skiptir um gír. Sama skipting er í mörgum öðrum tegundum bifreiða að sögn varnaraðila. Slíkar skiptingar haga sér að nokkru leyti með öðrum hætti en hefðbundnar sjálfskiptingar, til að mynda sé ekkert „park“ í skiptingunni og munurinn finnst einnig þegar bifreiðin kúplar og skiptir um gír. Telur varnaraðili að sóknaraðila hafi mátt vera ljóst eftir reynsluakstur að bifreiðin hagaði sér öðruvísi en bifreið með hefðbundinni skiptingu. Þá bendir varnaraðili á að sóknaraðili hafi ekki haft samband vegna bilunar í bifreiðinni fyrr en um fjórum mánuðum eftir kaupin og um 10.000 km. akstur. Skiptingin slitnar með tímanum að sögn varnaraðila en misjafnlega hratt miðað við aksturslag hvers og eins. Til að mynda sé lítið mál að eyða kúplingu í þessari tegund sjálfskiptingar þegar verið er að taka af stað eða bakka með þungan aftanívagn á bifreiðinni.

Varnaraðili segir að sölumaður fyrirtækisins hafi vitað hvernig skipting er í bifreiðinni en minnst þess ekki að talað hafi verið um skiptinguna, nema að hugsanlega væri kominn tími á að skoða olfuna á skiptingunni eða gírkassanum. Bifreiðin hafi verið ekin um 95.000 km. sem er að sögn varnaraðila algengur tími til að skipta um olfu á flestum gírkössum. Telur varnaraðili að um slithlut sé að ræða sem ekki sé unnt að bera ábyrgð á, enda liggi ekki fyrir hvernig bifreiðinni hafi verið ekið. Bifreiðin hafi verið í lagi við söluna. Þá hafi rangar upplýsingar ekki verið gefnar um bifreiðina.

3.3. Athugasemdir sóknaraðila

Í athugasemdum sínum tekur sóknaraðili fram að starfsmaður varnaraðila hafi sagt að hann hafi ekki vitað að þessi tegund skiptingar væri í bifreiðinni og sagt að skipta þurfi um sjálfskiptivökva í bifreiðinni. Það standist ekki þar sem ekki er sjálfskiptivökvi í bifreiðinni.

3.4. Athugasemdir varnaraðila

Varnaraðili ítrekar í athugasemdum að ekki hafi komið fram hverskonar skipting væri í bifreiðinni. Þá hafi engar rangar upplýsingar verið veittar við sölu bifreiðarinnar.

IV

Niðurstaða

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili keypti bifreið af gerðinni Peugeot 3008, árgerð 2014, af varnaraðila þann 4. maí árið 2020 fyrir 1.300.000 krónur. Bifreiðin var skráð sjálfskipt við söluna en ekki er um hefðbundna sjálfskiptingu að ræða. Bifreiðin er með skiptingu sem nefnist „MCE

Gearbox“ sem er með sjálfvirkri rafmagnskúplingu. Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi veitt rangar upplýsingar um bifreiðina við söluna og krefst riftunar á kaupunum.

Ákvæði 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) mæla fyrir um þau tilvik þegar söluhlutur telst haldinn galla við afhendingu í skilningi laganna. Í a. lið 1. mgr. 16. gr. nkpl. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. nkpl. Ákvæði 15. gr. mælir fyrir um þá eiginleika sem söluhlutur á að búa yfir. Í 1. mgr. segir að söluhlutur skuli fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innþökkun. Samkvæmt a. lið 2. mgr. 15. gr. nkpl. skal söluhlutur „henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til“. Í b. lið 2. mgr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað“. Í c. lið segir að söluhlutur skuli „henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð [...]“. Í d. lið 2. mgr. 15. gr. nkpl. segir að söluhlutur skuli hafa þá eiginleika til að bera sem seljandi hefur vísað til með því að leggja fram prufu eða líkan. Samkvæmt b. lið 1. mgr. 16. gr. nkpl. telst söluhlutur haldinn galla ef seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin. Þá telst söluhlutur einnig haldinn galla ef hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin, sbr. c. liður 1. mgr. 16. gr. nkpl. Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. nkpl. getur neytandi þó ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita þegar kaupin voru gerð.

Skipting bifreiðarinnar kallast „6-Speed piloted manual gearbox“. Bifreiðin er sjálfskipt með þeim hætti að hún skiptir sjálfvirkum um gíra, sem eru alls sex í bifreiðinni, og beitir kúplingunni með sjálfvirkum hætti. Uppbygging skiptingarinnar er hins vegar sambærileg beinskiptingu og skiptingin sjálf er rafknúin. Gírkassar af þeim toga geta verið nokkuð ólíkir hefðbundnum gírkassa í ásýnd og við akstur. Þrátt fyrir að bifreiðin hafi sjálfvirka skiptingu er fallist á það með sóknaraðila að réttast væri að veittar séu nánari upplýsingar um slíkar bifreiðar í söluauglýsingum en aðeins þær að bifreiðin sé sjálfskipt.

Í kaupsamningi og afsali vegna kaupa sóknaraðila á bifreiðinni kemur hins vegar ekki fram hvernig skipting er í bifreiðinni. Sóknaraðili hefur ekki lagt fram gögn sem sýna fram á það hvaða upplýsingar varnaraðili veitti um bifreiðina fyrir söluna. Af andsvörum varnaraðila verður ráðið að varnaraðili hafi veitt þær upplýsingar um bifreiðina að hún sé sjálfskipt.

Bifreið sóknaraðila er beinskipt með rafknúinni sjálfskiptingu. Ekkert hefur komið fram í málinu sem bendir til þess að sóknaraðila hafi verið gert kunnugt um að skipting bifreiðarinnar væri ekki hefðbundin sjálfskipting. Er því fallist á það með sóknaraðila að bifreiðin svari ekki að fullu til þeirra upplýsinga sem varnaraðili gaf um hana. Var bifreiðin því haldin galla við kaupin í skilningi c. liðar 1. mgr. 16. gr. nkpl.

Í 26. gr. nkpl. er mælt fyrir um þau úrræði sem geta staðið neytanda til boða vegna galla á söluhlut, en þau eru að halda eftir greiðslu kaupverðs, úrbætur, ný afhending, afsláttur, riftun og skaðabætur. Sóknaraðili krefst þess að kaupunum verði rift.

Ákvæði 32. gr. nkpl. mælir fyrir um skilyrði og framkvæmd riftunar vegna galla á söluhlut. Þar segir að í stað afsláttar samkvæmt 31. gr. laganna geti neytandi rift kaupunum nema galli sé óverulegur. Riftun er afdrífarikt úrræði sem verður aðeins beitt þegar skilyrði riftunar eru uppfyllt. Skilyrði þess að fallist verði á riftun vegna galla eru að galli sé ekki óverulegur. Að auki mega úrbætur ekki hafa farið fram með fullnægjandi hætti. Mat á því hvort galli sé ekki óverulegur byggir á ákveðnu heildarmati þar sem líta þarf m.a. til samnings aðila, atvika við kaupin og áhrifa gallans á hagsmuni neytanda, en gallinn þarf að hafa haft raunveruleg áhrif á hagsmuni neytanda. Getur haft áhrif á matið hvort seljandanum mátti vera

það ljóst. Þá getur skipt máli hvort hagsmunir neytanda verði nægilega tryggðir með öðrum vægari úrræðum, s.s. greiðslu skaðabóta.

Ekki verður séð að hefðbundin sjálfskipting hafi verið forsenda eða ákvörðunarástæða fyrir kaupunum eða að gallinn hafi haft veruleg áhrif á hagsmuni sóknaraðila. Með hliðsjón af gögnum málsins er ekki unnt að fallast á það með sóknaraðila að skilyrði riftunar séu uppfyllt. Sóknaraðili hefur ekki gert aðra kröfu í málinu. Verður því að hafna kröfu sóknaraðila.

V

Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, Y, er hafnað.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson